


Þegar jólasveinarnir
björguðu heimilunum



Þegar jólasveinarnir björguðu heimilunum
Creative Commons © Eydís Björnsdóttir 2015



Þetta verk er gefið út með Creative Commons.

Tilvísun - Ekki Ágóðaskyni - Deila Eins 4.0 Alþjóðlegt afnotaleyfi.
Til þess að sjá skilmála afnotaleyfisins getur þú heimsótt
<http://creativecommons.org/licenses/by.nc.sa/4.0/>.

Útgefandi: Engin útgáfa
Reykjavík 2015
www.eydis.co.uk/is

ISBN: 1514333171
ISBN-13: 978-1514333174

EFNISYFIRLIT

Aðfararnótt 12. desember	4
Aðfararnótt 13. desember	7
Aðfararnótt 14. desember	14
Aðfararnótt 15. desember	20
Aðfararnótt 16. desember	22
Aðfararnótt 17. desember	29
Aðfararnótt 18. desember	34
Aðfararnótt 19. desember	40
Aðfararnótt 20. desember	42
Aðfararnótt 21. desember	49
Aðfararnótt 22. desember	57
Aðfararnótt 23. desember	60
Aðfararnótt 24. desember	63

aðfararnótt 12. desember

Stekkjastaur var á leið til byggða. Hann hlakkaði til jólanna. Þannig hafði það ekki alltaf verið.

Einu sinni gaf hann ekkert í skóinn. Stalst bara til að drekka kindamjólkina. Það var liðin tíð.

Eitthvað sem gerðist í gamla daga. Þessi nútímaheimili áttu ekkert kindur hvort eð er. Svo var svo gaman að gefa í skóinn. Hann freistaðist jú að vísu enn til að stelast í ærnar þegar hann gaf börnum í skóinn sem eiga heima á bóndabæ. En.

Öllum virtist standa á sama. Svo til enginn drakk kindamjólk lengur. Stekkjastaur tiplaði á tá og setti í skóinn hennar Gunnu.

„Noj, noj, noj, noj, hún er bara komin með nýjan skó í gluggann“ hugsaði



Stekkjastaur með sér.

„En hvað er þetta?“ Stekkjastaur heyrði þrusk. Eru ekki allir sofandi í húsinu? Hann faldi sig á bak við stóran bangsa. Inn læddist stirður og fögur sláni með bauga og settist á hækjur sér við tölvuna. Stekkjastaur horfði á slánann.

„Hvað er hann að reyna að gera?“ Stekkjastaur heyrði ryksuguhljóð.

„Er hann að reyna að gleypa í sig tölvuna?“ Stekkjastaur reyndi að stíga nær til að sjá betur, en rak sig þá óvart í bók sem lá á gólfinu.

Sláninn hrökk upp við hljóðið og rauk af stað.

Stekkjastaur ákvað að elta hann. Úti tókst honum að grípa í öxl slánans.

„Hver ert þú eiginlega?“ spurði Stekkjastaur.

„Láttu mig vera!“ sagði sláninn og reyndi að losa sig.

„Bíddu rólegur. Hver ertu?“ spurði Stekkjastaur.

„Ég er... ehh.. Tölvustaur.“ sagði sláninn.

„Tölvustaur? Hvað varstu að gera við tölvuna hennar Gunnu?“ spurði Stekkjastaur.

„Ég var ekkert að gera! Eða sko, bara, sjúga upp

svona tölvuorku, þú veist. Ég kláraði orkuna ekkert. Tölvun hennar verður bara svolítið hægari á morgun, hún tekur ekkert eftir því.“ sagði Tölvustaur.

„Hvað heldurðu að hún taki ekki eftir því? Auðvitað hlýtur hún að taka eftir því. Og jafnvel þótt hún tæki ekki eftir því þá mátt þú ekkert bara stela svona frá henni, án leyfis, á meðan hún sefur!“ sagði Stekkjastaur.

„Jú, víst! Láttu mig í friði!“ sagði Tölvustaur á meðan hann losaði sig og hljóp í burtu.

Stekkjastaur hikaði. Hann átti eftir að gefa svo mörgum krökkum í skóinn. Hann gat ekki farið að svíkja þau. En, það þurfti einhver að stoppa þennan Tölvustaur. Stekkjastaur hljóp á eftir honum. Hann leitaði alla nóttina en fann hann ekki aftur.

aðfararnótt 13. desember

Næstu nótt fór Stekkjastaur í leit að bróður sínum. Hann fór hús úr húsi. Loksins fann hann Giljagaur að fleyta froðu ofan af mjólk í Mjólkursamsölunni.

„Giljagaur! Átt þú ekki að vera að gefa börnum í skóinn, ófėtið þitt!? Þú ættir bara að skammast þín.“ stökk Stekkjastaur upp á nef sér.

Stekkjastaur var vanalega ekki svona uppstökkur, þið skiljið. En

núna fannst honum líf sitt liggja við.

„Hvaða læti eru í þér Stekkjastaur? Ég hlýt að mega næla mér í smá froðu. Það eru hvort eð er ekki svo margir krakkar sem trúá á mig nú



orðið og fáir skór sem ég þarf að fylla. Enginn man lengur eftir mér. Stúfur og Hurðaskellir og Gáttaþefur og Kertasníkir, allir muna eftir þeim. En ekki mér!“ sagði Giljagaur og fékk sér meiri mjólkurfroðu, eins og til að drekkja sorgum sínum.

„Æh... Láttu ekki svona, Giljagaur. Nú liggur mikið við og ég þarf á þér að halda! Ég veit ekki hvað ég á að gera. Hvað heldurðu að ég hafi séð í gærnótt? Það var einhver að orksuga tölvuna hennar Gunnu. Kallaði sig Tölvustaur. Bara stalst inn til hennar á meðan hún svaf og bað ekki um leyfi eða neitt.“ sagði Stekkjastaur.

„Og hvað með það? Stelst þú ekki stundum til að drekka af ánum? Aldrei hef ég séð þig biðja um leyfi fyrir því.“ hnussaði Giljagaur.

„Já, en, Giljagaur. Það er öðruvísi. Ég er líka hvort eð er hættur því.“ sagði Stekkjastaur.

Giljagaur horfði vantrúaður á hann.

„Ok, eða svona næstum.“ viðurkenndi Stekkjastaur.

„Og ég gef fullt af krökkum í skóinn, líka þótt þau

trúi ekkert á mig. Þessi Tölvustaur gaf Gunnu ekkert. Stal bara úr tölvunni hennar.“ hélt Stekkjastaur áfram.

„Hvað er þetta tölva sem þú ert að tala um?“ spurði Giljagaur.

„Æh, ég veit það ekki alveg. Þetta eru kassar sem segja bíb og sýna alls konar myndir sem hreyfast, ævintýri og eitthvað. Sum ansi ljót með mönnum sem skjóta og ég veit ekki hvað og hvað. Ég sá hann Eika litla með svoleiðis í fyrra og leist ekkert á. Það var ljótur leikur. Ég gaf honum ekkert í skóinn. Ekki einu sinni kartöflu.“ sagði Stekkjastaur.

„Ekki einu sinni kartöflu? Er það ekki fullhart?“ spurði Giljagaur.

„Kannski. En hvað eigum við að gera varðandi þennan Tölvustaur?“ spurði Stekkjastaur.

„Gera? Hvað getum við svo sem gert?“ sagði Giljagaur.

„Eitthvað. Hvað sem er. Stoppa hann. Þurfum við ekki að vernda krakkana?“ sagði Stekkjastaur.

„Við að vernda? Ertu alveg frá þér? Við erum bara

óttaleg grey. Við kunnum ekkert að vernda.

Kannski hann Hurðaskellir, hann er svo stór og stæðilegur. En við? Nei, nú ertu alveg búinn að missa það.“ sagði Giljagaur.

„Nei, en ímyndaðu þér, hvað ef þeir eru fleiri?“ sagði Stekkjastaur.

„Fleiri?“ sagði Giljagaur.

„Já. Hvað ef það er svona Tölvugaur, eða fótafýlu iljagaur eða hver má vita hvað. Og kannski fer Tölvustaurinn heim til fleiri krakka. Ertu ekkert forvitinn að vita hvaðan þessi Tölvustaur kom og hvers vegna hann er að sjúga orkuna úr tölvunni hennar Gunnu? Hvað ef hann fer í allar tölvur á öllum heimilum?“ sagði Stekkjastaur.

„Já, þú segir nokkuð. Já, við ættum kannski að rannsaka málið eitthvað.“ sagði Giljagaur. Og saman lögðu þeir af stað á milli heimila.

„Hættu nú, Stekkjastaur! Þú þarft ekki að gefa þeim í skóinn í leiðinni. Það er ekki einu sinni þín nótt.“ sagði Giljagaur, sem leiddist að bíða eftir Stekkjastaur á hverju heimili.

„Æj, ég ræð ekkert við mig, mér finnst svo erfitt

að sjá tóman skó úti í glugga.“ sagði Stekkjastaur.

„Hei, uss, hvað var þetta?“ sagði Giljagaur.

„Felum okkur!“ sagði Stekkjastaur. Inn kom grár og gugginn gaur og gramsaði hér og þar í herberginu. Kvikul augun horfðu í allar áttir þar til þau fundu sparibauk. Hann lyfti bauknum upp og drakk í sig efstu peningana út um raufina. Stekkjastaur og Giljagaur fóru í humátt á eftir honum þegar hann fór út og gripu hann föstum tökum.

„Hver ert þú?“ spurði Stekkjastaur.

„Auragaur. Og hverjir eruð þið?“ sagði gaurinn.

„Ég er Stekkjastaur og þetta er Giljagaur. Hvað varstu að gera þarna inni?“ sagði Stekkjastaur.

„Nú, drekka aura, hvað heldurðu maður.“ sagði Auragaur.

„Nei, þetta máttu ekki gera!“ sagði Stekkjastaur.

„Segir hver?“ sagði Auragaur.

„Nú, ég!“ sagði Stekkjastaur.

„Þú? Og hver þykist þú eiginlega vera?“ sagði Auragaur.

„Ég er jólasveinn! Ég gef börnunum í skóinn.“

sagði Stekkjastaur.

„Og hvað með það? Ég er líka jólasveinn og gef þessum krakkakjáním ekkert í skóinn.“ sagði Auragaur.

„Hei, ekki tala svona við hann Stekkjastaur. Hann er fínn þótt hann sé stundum svolítið stjórnSAMUR. Hann vill öllum vel.“ sagði Giljagaur.

„Ja, ekki vill hann mér vel ef hann vill að ég svelti. Hvað á ég að gera ef ég fæ engan aur?“ sagði Auragaur.

„Ég veit það ekki. Þú átt allavega ekki að taka þetta svona bara. Og gefa ekki einu sinni neitt á móti. Og hananú!“ sagði Stekkjastaur.

„Allt í lagi. Sleppið mér bara og leyfið mér að fara.“ sagði Auragaur.

„Hmm, já, við munum gera það. Lofar þú að hætta að stela aur?“ sagði Stekkjastaur.

„Já, ok, ég lofa.“ sagði Auragaur.

„Gott og blessað og vertu nú sæll.“ sagði Stekkjastaur.

„Bless, jólalúðar.“ sagði Auragaur og flýtti sér í

burtu.

„Þetta var nú meiri dóninn.“ sagði Giljagaur.

„Já.“ sagði Stekkjastaur.

„Jæja, Giljagaur. Kannski við ættum að fara að koma okkur, það fer brátt að birta.“ sagði Stekkjastaur.

„Já, það er rétt hjá þér.“ sagði Giljagaur.

„Það er svo langt síðan ég sá hana mömmu, hefur þú eitthvað heyrt í henni?“ spurði Stekkjastaur.

„Grýlu? Nei, ég hef ekki séð hana?“ sagði Giljagaur.

„Heyrðu, Giljagaur.“ sagði Stekkjastaur.

„Já?“ sagði Giljagaur.

„Sagði þessi Auragaur að hann væri jólasveinn?“ sagði Stekkjastaur.

„Ha? Já, hann sagði það.“ sagði Giljagaur.

„Heldurðu að hann hafi verið að segja satt?“ sagði Stekkjastaur.

„Ég veit það ekki.“ sagði Giljagaur.

aðfararnótt 14. desember

„Hvert ertu að fara?“ spurði Stekkjastaur næstu nótt.

„Bara... kíkja eftir eitthverju í svanginn.“ sagði Giljagaur.

„En Giljagaur. Eigum við ekki að finna hann Stúf? Hann kemur í nótt.“ sagði Stekkjastaur.

„Já, ég veit. Æh, jú.

En ég er svo svangur.“ sagði Giljagaur.

„Nei, ekkert svona raus, komdu nú!“ sagði Stekkjastaur.

„Jæja, þá!“ sagði Giljagaur. Og þeir örkuðu af stað.

„Stúfur! Þarna ertu! Við höfum fréttir að færa þér!“ sagði Stekkjastaur þegar



Þeir fundu Stúf. Þeir sögðu Stúfi alla söguna.

„Hvað er þetta hljóð?“ sagði Giljagaur áður en frásögninni lauk.

„Það berst úr eldhúsinu.“ sagði Stúfur. Þeir læddust þar inn og sáu litla veru, alveg agnarlitla, sópa í sig matarkornum sem leyndust á eldhúsgólfinu.

„Hver ert þú?“ hvíslaði Stúfur.

„Ég er Ögn. Hver ert þú?“ hvíslaði Ögn á móti.

„Ég er Stúfur.“ sagði Stúfur. Ögn náði Stúfi varla upp að öxlum, svo lítil var hún.

„Hvað ertu að gera?“ spurði Stúfur.

„Bara. Borða svona matarafgangna sem liggja á gólfinu. Þetta er besti matur. Viltu smakka?“ spurði Ögn.

„Já já.“ sagði Stúfur.

„Hmm, já, þetta er... öðruvísi.“ sagði Stúfur.

„Mér finnst best að borða agnirnar sem brenna á pönnunum. Ég skal sýna þér.“ sagði Stúfur og náði í pönnu úr eldhússkápnum. Ögn smakkaði og gretti sig.

„Finnst þér þetta gott?“ spurði hún.

„Já, þetta er það besta.“ sagði Stúfur skælbrosandi.

„Þú ert skrýtinn. Mér líkar við þig.“ sagði Ögn. Stúfur roðnaði.

„Takk.“ sagði Stúfur. Stekkjastaur og Giljagaur stóðu hjá og fóru meira hjá sér en Stúfur.

„Það er nú ekki mikil ógn af henni þessari, er það?“ hvíslaði Giljagaur.

„Nei, ætli það.“ hvíslaði Stekkjastaur á móti.

„Engin ógn af Ögn. Ógnarlítilli agnarögn.“ hvíslaði Giljagaur brosandí. En Stekkjastaur stökk ekki brosi á vör. Kannski upplifði hann þetta eins og innrás á yfirráðasvæði sitt, allar þessar nýju, ókunnur verur. Hann læddist nær.

„Hvaðan kemurðu?“ hvíslaði hann óþreyjufullur til Agnar. Ögn brá. Hún hafði ekki tekið eftir þeim Stekkjastaur og Giljagaur í myrkvudu skúmaskotinu. Hún steig aftur á bak um eitt skref og skýldi sér á bak við Stúf.

„Þetta er allt í lagi. Þú þarft ekki að vera hrædd. Þetta er bara hann Stekkjastaur bróðir minn. Og þarna er Giljagaur.“ sagði Stúfur.

„Ó.“ sagði Ögn.

„Ég á líka bræður. En þeir eru oft að hrekkja mig.“ sagði Ögn.

„Bræður? Meinarðu Tölvustaur og Auragaur?“ spurði Stekkjastaur svo spenntur að hann gleymdi að hvísla.

„Já, ertu vinur þeirra?“ hvíslaði Ögn.

„Ég get tæplega sagt það. Ég hef hitt þá og þekki þá ekki af góðu.“ sagði Stekkjastaur.

„Já, þessi Auragaur er í það minnsta óttalegur dóni.“ sagði Giljagaur.

„En hvaðan komið þið?“ spurði Stekkjastaur.

„Með flugvél auðvitað. Við erum mjög góð í að finna flotta felustaði.“ svaraði Ögn.

„Eruð þið fleiri?“ spurði Stekkjastaur.

„Já, Ruslasleikir kemur á morgun.“ hvíslaði Ögn.

„Ruslasleikir? Oj!“ sagði Giljagaur.

„Á morgun? Komuð þið ekki öll í einu? Öll saman?“ spurði Stekkjastaur.

„Nei, bara eitt í einu.“ svaraði Ögn.

„En... það getur ekki verið. Var Tölvustaur sá fyrsti?“ spurði Stekkjastaur.

„Já.“ svaraði Ögn.

„Og hvenær kemur sá eða sú síðasta?“ spurði Stekkjastaur.

„Á aðfangadag.“ svaraði Ögn.

„Eruð þið þá... Eruð þið 13?“ spurði Stekkjastaur.

„Já.“ svaraði Ögn.

„Ég trúi þessu ekki.“ sagði Stekkjastaur og gapti. Nú var hljóðið í þeim fyrir löngu orðið að hávaða og heimilisfólkið farið að rumska í svefni. Þau heyrðu ungbarnagrát. Öll hrukku þau í kút og flýttu sér út. Stekkjastaur tók ekki eftir því í öllum æsingnum í hvaða átt Ögn hljóp. Hann sá Giljagaur heldur hvergi.

„Stúfur! Sástu hvert Ögn fór?“ spurði Stekkjastaur.

„Nei.“ sagði Stúfur leiður yfir því að týna vinkonu sinni.

„Jæja þá, ætli það sé ekki best að ég fari að gefa í skóinn. Eða þá skó sem ég næ að gefa í áður en birtir, ég er aldeilis búinn að sóa tímanum í vitleysu.“ sagði Stúfur. Innst inni var hann þó að vona að hitta Ögn aftur og taldi mestu líkurnar á

því að finna hana á einhverju heimilinu.


Stekkjastaur hugsaði það sama. En honum fannst líka mikilvægt að öll börn fái í skóinn.

„Ég skal hjálpa þér! Við getum skipt liði. Þá náum við að setja í fleiri skó.“ sagði Stekkjastaur.

„Takk Stekkjastaur, það er sannarlega fallega gert.“ sagði Stúfur. Og þeir kepptust við að setja í skóna. En gleymdu ekki að kíkja inn í eldhúsin í leiðinni, ef ske kynni að þeir sæju hana Ögn.

aðfararnótt 15. desember


Næstu nótt flakkaði Stekkjastaur á milli heimila en fann engan. Ekki einu sinni Þvörusleiki, sem átti jú að koma til byggða þá nóttina. Samt mættust þeir í myrkrinu. Það hljómar kannski kjánalega, en Stekkjastaur tók ekki eftir Þvörusleiki. Þvörusleikir bjóst ekkert við að hitta Stekkjastaur eða nokkurn annan jólasvein á



nóttinni sinni og svo var hann líka með hugann við risastóru þvörunar í Myllunni, þar sem bakað er allar nætur og fullt af góðgæti finnst til að sleikja svo það ætti ekki að koma neinum á óvart að Þvörusleikir arkaði fram hjá

Stekkjastaur án þess að blikka auga. En hvers vegna sá Stekkjastaur ekki Þvörusleiki? Hélt hann að Þvörusleikir væri einn af mannfjöldanum sem verslar í Hagkaupum á nóttinni? Eða var stressið farið að segja til sín? Nú var jú farið að stytast til jóla og sífelld minni tími eftir til að leysa þessa ráðgátu um nýju jólasveinana. Hver svo sem ástæðan var þá var Stekkjastaur svo ráðvilltur að hann hefði ekki séð sjálfa Grylu þótt hún stæði fyrir framan hann. Hann gekk næstum því í veg fyrir bíl, sem var mjög ólíkt honum því hann var frekar hræddur við þau tryllitæki og fór yfirleitt mjög varlega hvar sem bílar voru á ferð. Já, Stekkjastaur var líklega orðinn eitthvað stressaður, greyið.

aðfararnótt 16. desember



Stekkjastaur hélt áfram að leita um nóttina þar á eftir. Þegar hann var nýbúinn að setja mandarínu ofan í skóinn hennar Evu Sóleyjar heyrði hann umgang úr eldhúsinu. Hann læddist á tá inn í eldhús. Hann var frekar spenntur. Var þetta kannski Ögn?

„Pottaskefill?“ sagði Stekkjastaur hissa.

„Stekkjastaur? Hvað ertu að þvælast hér? Það er ekki þín nótt!“ sagði Pottaskefill.

„Æji, Pottaskefill. Nú er úr vöndu að ráða. Nýir jólasveinar sveima um byggðir og bæi. Tölvustaur og Auragaur og Ögn og Ruslasleikir og hver má vita hvað!“ sagði Stekkjastaur.

„Er það, já? Hvaðan koma þeir?“ spurði Pottaskefill.

„Ég veit það ekki. Ég var að vona að þú gætir hjálpað mér að komast að því.“ sagði Stekkjastaur.

„Hva, ég? Já, ég, sko, ég var nú nokkurn veginn búinn að hugsa mér að skafa úr eins og einum potti eða svo.“ sagði Pottaskefill og faðmaði að sér stærsta pott heimilisins. Stekkjastaur horfði á Pottaskefill skafa úr pottinum og varð hugsað til tóma skósins hennar Evu Sóleyjar.

„Af hverju gafstu Evu Sóleyju ekkert í skóinn? Tekur þú bara og gefur ekkert?“ spurði Stekkjastaur.

„Setja í skó? Til hvers? Það trúir enginn lengur og foreldrarnir eru meira að segja farnir að setja sjálfir í skóna! Til hvers að setja eitthvað í troðfullan skó!“ sagði Pottaskefill pirraður.

„Já, en það eru líka komin svo mörg börn, við náum ekki að heimsækja alla alltaf, þess vegna setja sumir foreldrar líka.“ sagði Stekkjastaur.

„Stekkjastaur? Getum við máski haft liðsauka af þessum nýju sveinum?“ spurði Pottaskefill.

„Liðsauka? Tja, nei, ég veit nú ekki. Þeir virðast mjög hrekkjóttir. Ögn var að vísu ágæt, ósköp

lítið grey á að líta.“ sagði Stekkjastaur.

„Við bræðurnir vorum eitt sinn afar hrekkjóttir, eða ertu kannski búinn að gleyma því Stekkjastaur? Nýju sveinarnir þurfa bara smá leiðsögn.“ sagði Pottaskefill.

„Það má svo sem kannski reyna það. Komdu nú samt með mér að gefa í skóinn.“ sagði Stekkjastaur.

„Jæja þá.“ sagði Pottaskefill. Nokkrum heimilum síðar komu þeir að skónum hennar Tinnu, þar sem Stekkjastaur laumaði mandarínu ofan í. Svo greip hann skyndilega í handlegginn á Pottaskefli.

„Heyrirðu pappírsskrjáf?“ spurði Stekkjastaur. Pottaskefill beygði hausinn á ská og hlustaði vel.

„Ja hérna, já.“ sagði Pottaskefill. Þeir gengu í átt að hljóðinu. Á gólfinu sat sveinn að smjatta á pappír.

„Hvað ertu að gera?“ spurði Stekkjastaur.

„Ertu að borða pappír?“ spurði Pottaskefill.

„Já, eða, ég bara smjatta smá.“ sagði sveinninn með galopnum feimnisaugum.

„Hvað heitir þú?“ spurði Pottaskefill.

„Pappaskefill.“ sagði sveinninn.

„Jæja, Pappaskefill! Þú getur ekki farið bara svona inn á heimili og smjattað á pappír.“ sagði Stekkjastaur.

„Já, en... þau eru ekkert að nota hann.“ sagði Pappaskefill. Stekkjastaur skoðaði blaðið. Hann sá myndir og stafi, en skildi ekki orð því hann kunni ekki að lesa.

„Hvernig geturðu vitað það?“ spurði Stekkjastaur.

„Það kemur nýtt svona blað á hverjum degi. Fólk rétt flettir þessu og svo er það orðið að rusli, óæskilegum hlut.“ sagði Pappaskefill.

„Já, en, en þú mátt ekki koma inn sí svona og taka frá þeim.“ fullyrti Stekkjastaur.

„En þið eruð hér.“ sagði Pappaskefill, nú öruggari með sjálfan sig eftir að hafa leiðrétt Stekkjastaur.

„Já, mér finnst voða gott að skafa innan úr pottum, það er svona óæskilegur matur sem enginn vill borða. Nema ég. Og uppþvottavélar.“ sagði Pottaskefill.

„Nei, sko, við komum til að gefa í skóinn.“ reyndi

Stekkjastaur að réttlæta.

„Hvað er það?“ spurði Pappaskefill.

„Krakkarnir setja skó út í glugga og við setjum litla glaðninga í skóna.“ útskýrði Stekkjastaur.

„Já, þú meinar. Hvað ef ég gef þá bara líka svona í skóinn?“ spurði Pappaskefill. Við þessu hafði Stekkjastaur ekkert svar. Honum fannst samt eitthvað rangt við það að aðskotahlutir, eins og þessir nýju jólasveinar, væru að fara á heimilin hans. Og ætluðu þeir núna að fara að gefa í skóna hans líka? En það var hans hlutverk, ekki þeirra! Þrátt fyrir þessar hugsanir vissi Stekkjastaur innst inni að núna væri hann ósanngjarn. Kannski var það þess vegna sem hann sagði ekkert af þessu upphátt.

„Sko hérna, Stekkjastaur. Ég sagði það, flott að fá góðan liðsauka og féлага. Við Pappaskefill gætum gefið saman í skóinn! Þá getum við sett í fleiri skó og þá hætta foreldrarnir að fylla skóna.“ sagði Pottaskefill hróðugur.

„Jæja þá, jæja þá, svo verður víst að vera. En hvað með alla hina jólasveinana? Þeir vilja ef til vill

ekki gefa í skóinn.“ sagði Stekkjastaur.

„Draslleikur kemur á morgun, hann vill pottþétt gefa svona í skóinn. En segið mér eitt, hvernig gefur maður annars í skóinn? Ég á ekkert til að gefa.“ sagði Pappaskefill.

„Við gefum yfirleitt hvað sem okkur dettur í hug. Þú getur í raun gefið hvað sem er.“ sagði Pottaskefill.

„Eins og hvað?“ spurði Pappaskefill.

„Ég veit ekki. Kanntu að búa til eitthvað?“ spurði Pottaskefill.

„Neeeah, eða, ja, ég fönðra stundum úr pappír.“ sagði Pappaskefill feiminn.

„Já, er það? Hvað fönðrarðu helst?“ spurði Pottaskefill.

„Stjörnur og dýr og skraut og já, bara alls konar. Ég tek bara pappír, til dæmis eina blaðsíðu af þessu blaði og brýt það saman og ríf smá hér, og smá þarna líka og beygla þetta horn og þegar ég rétti úr þessu, sjáðu, stjarna!“ sagði Pappaskefill spenntur.

„Það er nú aldeilis hvað þetta er fínt hjá þér!“

sagði Pottaskefill með aðdáunarsvip.

„Sjáðu Stekkjastúfur, sjáðu hvað þetta er flott hjá honum!“ sagði Pottaskefill.

„Já, þetta er flott.“ sagði Stekkjastúfur.

„Takk.“ sagði Pappaskefill.

„Pappaskefill, viltu ekki setja þetta í skóinn hennar Tinnu? Fyrsta skiptið þitt að gefa í skóinn!“ sagði Pottaskefill.

„Ja, jú, það væri gaman.“ sagði Pottaskefill.

„Nei, hann getur það ekki, ég er búinn að setja í skóinn hennar! Ég setti mandarínu!“ sagði Stekkjastaur.

„Er það? Já en, Stekkjastaur? Geturðu ekki bara tekið mandarínuna til baka og sett í skó hjá öðru barni?“ spurði Pottaskefill. Stekkjastaur horfði móðgaður á Pottaskefill.

„Getum við ekki bara haft bæði mandarínu og stjörnu í skónum?“ spurði Pappaskefill.

„Þú segir nokkuð. Góð hugmynd.“ sagði Pottaskefill. Saman fóru þeir þrír á milli húsa það sem eftir lifði nætur og settu í skó.

aðfararnótt 17. desember

„Pappaskefill? Hvernig finnum við Draslleik?“
spurði Pottaskefill næstu nótt.

„Það ætti ekki að vera flókið. Við þurfum bara að
finna krakkaherbergi þar sem allt er í drasli, þar
líður honum best.“ sagði Pappaskefill.

„Innan um allt draslið? Hvers vegna þá?“ spurði
Stekkjastaur.



„Æh,
honum
finnst voða
gott að
gramsla í
drasli.
Stundum
tekur hann
eitthvað dót
fyrir safnið

sitt, hann á rosalega stórt dótasafn.“ sagði
Pappaskefill.

„Tekur hann dót? Frá krökkunum? Hvurslags

mannleysuháttur er þetta! Jæja piltar, látum hendur standa fram úr ermum, það er best að við finnum þennan Draslleik sem fyrst áður en allt dótið hverfur úr herbergjum krakkanna!“ sagði Stekkjastaur, þínu æstur. Og þeir fóru af stað. Og þeir fundu Draslleik skríðandi innan um öll leikföngin hans Arnars, sem lágu í hrúgum á gólfinu.

„Draslleikur?“ hvíslaði Pappaskefill.

„Ha? Ég? Já?“ sagði Draslleikur hissa. Hann var ekki vanur því að einhver talaði við sig, honum leið alltaf betur innan um dót heldur en fólk.

„Hættu þessu gramsi undir eins!“ hvæsti Stekkjastaur lágt, til að vekja ekki Arnar sem svaf vært upp í rúmi og dreymdi um tæknilegó jeppann sem honum langaði að fá í jólagjöf.

„Ha? Ég? Nei?“ sagði Draslleikur aftur, ennþá meira hissa.

„Hvað ertu að gera?“ spurði Pottaskefill.

„Gera? Bara. Skoða.“ sagði Draslleikur.

„Skoða? Jæja, já. Hvað er þetta sem þú ert með í

hendinni?“ spurði Stekkjastaur í yfirheyrslutón. „Þetta? Já, þetta. Þetta er Ninjago Min-Droid. Mig vantaði hann einmitt í safnið mitt. Sjáðu bara hvað hann er lítill. Þótt hann sé minni en hinir þá er hann samt sterkari og getur léttilega rústað öllum hinum í bardaga. Ég trúi varla að ég hafi loksins fundið hann.“ sagði Draslleikur, sem átti klárlega auðveldara með að tala um leikföng heldur en fólk.

„Og hvar fannstu barnakarlinn? Hérna hjá Arnari?“ spurði Stekkjastaur.

„Ha? Nei. Hjá Ronin R.E.X. þyrlunni.“ svaraði Draslleikur.

„Og hvaða krakki átti það barnagull?“ spurði Stekkjastaur.

„Uhh. Krakki? Ég veit ekki. Hvaða máli skiptir það?“ sagði Draslleikur.

„Nú, við þurfum auðvitað að skila barnakarlinum! Manstu ekki hvaðan þú tókst hann?“ sagði Stekkjastaur.

„Ha? Jú? Ég man það. En ég ætla ekki að skila honum.“ sagði Draslleikur.

„Þú verður. Þú átt hann ekki. Það má ekki bara taka barnagull, hugsaðu þér, barnið sem á það verður miður sín þegar það sér að barnakarlinn er horfinn.“ sagði Stekkjastaur.

„Iss, þeim er alveg sama. Ég tek bara dót sem er látið liggja í drasli, ef krökkunum þykir ekki vænna um dótið sitt en svo að það er látið liggja í óskipulögðum hrúgum þá er þeim alveg sama þótt að eitt og eitt dót hverfi ofan í vasann minn. Þau taka ábyggilega ekki einu sinni eftir því að dótið hverfi, þau halda bara að það sé í einhverri hrúgunni.“ sagði Draslleikur ákveðinn.

„Því á ég erfitt með að trúá. Auðvitað taka þau eftir því.“ sagði Stekkjastaur.

„Ertu alveg viss? Sumir krakkar virðast eiga ansi mörg leikföng, fleiri en ég hef tölu á.“ skaut Pottaskefill inn í.

„Já, auðvitað er ég viss! Við megum ekki bara taka, hvers lags tal er þetta. Við gefum í skóinn, það er það sem við gerum.“ sagði Stekkjastaur.

„Hey já, Draslleikur, komdu að gefa í skóinn. Ég prófaði það síðustu nótt, það var rosalega gaman.“

sagði Pappaskefill, sem var farið að leiðast þetta þras jólasveinanna.

„Gefa skóinn minn? En ég á bara tvo skó!“ sagði Draslleikur.

„Gefa í skóinn. Í skóinn. Krakkar setja skó út í glugga og við gefum þeim glaðning.“ sagði Stekkjastaur.

„Já, þú meinar. Jú, jú, ég er svo sem til í að prófa.“ sagði Draslleikur. Hann var svo feginn að Stekkjastaur var hættur öllu tali um að skila Min-Droid að hann hefði örugglega samþykkt að gera hvað sem er. Flóknara varð það ekki. En um leið og hann prófaði að gefa í skóinn komst hann að því hversu skemmtilegt það er og vildi helst ekki hætta þegar nóttin var að lokum komin. Þeir urðu ekki varir við Askasleiki þá nóttina.

aðfararnótt 18. desember

Næstu nótt fóru þeir saman til að sannfæra BÍlskelli.

„Hvernig eigum við að finna hann?“ spurði Stekkjastaur.

„Við göngum bara á hljóðið.“ svaraði Pappaskefill flissandi.

Draslleikur fór að hlæja.

„Á hljóðið? Er hann að skella hurðum eins og Hurðaskellir.“

spurði Pottaskefill.

„Tja, kannski meira svona að skella bílum.“ sagði Draslleikur. Rétt í því heyrðu þeir í löggubíl.



„Heyrið’ið? NÍNÓNÍNÓNÍNÓ. Eltum hann, þá finnum við Bílskelli.“ sagði Pappaskefill.

„Nínónínó? Segja löggubílar ekki babúbabú?“ hvíslaði Pottaskefill í eyru Stekkjastaurs.

„Jú, ég hélt það. En það er best að við eltum, annars missum við af þeim.“ sagði Stekkjastaur og þeir hlupu á eftir Pappaskefli og Draslleik.

Allir komu þeir móðir og másandi á slysstaðinn.

„Ljósið var grænt!“ sagði pabbi hennar Söru.

„Hann lýgur því, mitt ljós var grænt!“ sagði pabbi hans Halla.

„Rólegir, herrar mínir.“ sagði lögreglumaðurinn. Jólasveinarnir gengu fram hjá.

„Bílskellir! Bíddu eftir okkur. Bílskellir! Við erum hérna!“ sagði Pappaskefill. Prakkaralegur sveinn snéri sér við.

„Pappaskefill! Og Draslleikur! Hó hó hó! Gaman að sjá ykkur!“ sagði Bílskellir.

„Það er búið að vera fjör hjá þér sé ég.“ sagði Pappaskefill.

„Já, þetta var flottur skellur. Heyrðuð þið hann? Og sjáið bara hvað bílarnir eru beyglaðir! Hó hó

hí!“ sagði Bílskellir spenntur.

„Detti mér allar dauðar lýs af höfði! Átt þú sök að þessum árekstri?“ sagði Stekkjastaur æstur.

„Já, svona þínu, ég var bara að fikta smá í umferðarljósunum.“ sagði Bílskellir.

„Það má ekki fikta í umferðarljósunum. Það er stórhættulegt, þeir hefðu getað slasað sig.“ æpti Stekkjastaur.

„Fyrirgefið mér. Ég bara ræð aldrei við mig. Og það meiddist enginn, þetta var bara svona smotterís árekstur.“ sagði Bílskellir.

„Það er ekki til neitt sem heitir smotterís árekstur. Árekstur er árekstur, og ekkert til að leika sér með.“ sagði Stekkjastaur hvass. Bílskellir var frekar niðurlútur og skömmustulegur að sjá.

„Það sem bróðir minn vildi sagt hafa er að það er hugsanlega ekki góð afþreying að valda árekstrum og að það gæti verið góð hugmynd að gera eitthvað skemmtilegra og... og.. og uppbyggilegra.“ sagði Pottaskefill.

„Já, en mér finnst þetta skemmtilegt. Og uppekkilegt.“ sagði Bílskellir.

„Heyrðu, Bílskellir, þú gætir kannski prófað að gefa í skóinn eins og við Pappaskefill. Það er mjög gaman.“ sagði Draslleikur. Þeir kumpánar sögðu Bílskelli allt um þann góða sið.

„Já, en hvað á ég að gefa?“ spurði Bílskellir.

„Mandarína er alltaf klassísk.“ sagði Stekkjastaur spekingslega.

„Ég get búið til bíla úr pappír fyrir þig í nótt, og svo fyrir næsta ár getur þú kannski verið búinn að smíða eða búa til einhverja litla bíla og dúkkuvagna? Jafnvel bara þrjónað hjólahúfur?“ sagði Pappaskefill.

„Myndir þú gera það fyrir mig? Takk Pappaskefill!!“ sagði Bílskellir hrærður. Saman fóru þeir, allir í fylkingu, á milli heimila og dreifðu í skó. Eldri jólasveinarnir nýttu tækifærið til að þjálfra þá yngri og segja þeim alls kyns góð ráð. Stekkjastaur var í essinu sínu.

„Það er gott að leggja á minnið hvað allir í fjölskyldunni heita með því að semja um þau vísur.“ sagði Stekkjastaur. „Ég get til dæmis sagt ykkur vísuna mína um Guðmund litla. Hún

hljóðar svo:

Guðmundur er góður drengur,
greiðfærinn og prúður mjög.
Stríðir ekki stelpum lengur,
stælar frekar dægurlög.“

„Ertu ekki að grínast?“ sagði Pappaskefill.

„Tjah, ahemm, þetta er ekki mín besta vísa svo sem, óttalegur leirburður, en, það er gaman að dunda sér við þetta.“ sagði Stekkjastaur.

„Vá, og manstu allt þetta? Manstu svona vísur um alla krakkana?“ spurði Draslleikur.

„Já, það er lítið mál.“ sagði Stekkjastaur.

„Af hverju skrifarðu það ekki bara niður á blað? Svona lista eða eitthvað?“ spurði Pappaskefill.

„Það er allt of flókið. Nei, vísurnar eru miklu betri, sannaðu til!“ sagði Stekkjastaur.

Pappaskefill skildi ekkert í honum. Stekkjastaur snéri sér að þeim öllum og hélt áfram að ausa úr viskubrunninum.

„Þegar þið komið inn á heimilin er mjög

mikilvægt að fara hljóðlega. Tipla á tām og vekja ekki heimilisfólkið.“ hvíslaði Stekkjastaur og snéri sér svo aftur við til að sýna þeim hvernig best væri að tipla á tām.

„ÓÓÓ! JEREMÍAS!“ æpti Stekkjastaur upp yfir sig.

„Usss!“ hvíslaði Hurðaskellir.

„Ahemm, fyrirgefðu, mér brá svo að sjá þig.“ hvíslaði Stekkjastaur.

„Drífum okkur út, mér heyrir mamma vera vöknuð.“ hvíslaði Pottaskefill og þeir flýttu sér út.


„Það minnir mig á nokkuð, Pottaskefill og Stekkjastaur, hafið þið séð mömmu?“ spurði Hurðaskellir.

„Nei.“ sagði Stekkjastaur.

„Nei.“ hvíslaði Pottaskefill.

Áfram leið nóttin.

aðfararnótt 19. desember



Næstu nótt fóru Stekkjastaur, Pottaskefill, Pappaskefill, Draslleikur, Hurðaskellir og Bílskellir saman í leit að Peningagámi.

„Peningagámur er ansi peningagráðugur. Við finnum hann örugglega í búð eða banka.“ sagði Bílskellir. Og viti menn, þeir fundu hann að lokum, eftir langa leit alla nóttina, að verki í bankaútibúi. Hann var með græðgissvip og hámaði í sig peninga. Eftir að Stekkjastaur hafði tilkynnt Peningagámi hversu óviðeigandi það væri að háma í sig peninga án leyfis fóru þeir að reyna að sannfæra Peningagám um að koma frekar að gefa í skóinn.

„Það er gaman að gefa í skóinn. Ég fönðraði úr pappír og gaf þeim því ég kann svo mikið á pappír.“ sagði Pappaskefill hvetjandi.

„Já, en ég kann bara á peninga. Ég vil ekki gefa pening í skóinn.“ sagði Peningagámur.

„Það þarf ekki að vera peningar.“ sagði

Stekkjastaur.

„Þú getur gefið dót eða nammi eða bara eitthvað smáræði. Ég gaf pappírsbíla sem Pappaskefill bjó til fyrir mig, þeir voru svakalega fínir.“ sagði Bílskellir.

„Best er að gefa krökkunum eitthvað sem þau vilja.“ sagði Hurðaskellir.

„Já, og þú vilt til að mynda ekki lenda í því að gefa nammi á virkum degi ef krakkinn má bara fá nammi á laugardögum. Manstu, Hurðaskellir, þegar þú lentir í því?“ sagði Pottaskefill.

„Ohh, það var hræðilegt. Foreldrarnir fóru að rífast og tóku nammið frá Sigga litla.“ sagði Hurðaskellir miður sín.

„Komdu nú Peningagámur, prófaðu að gefa í skóinn með okkur, það er í alvöru gaman.“ sagði Bílskellir.

„Ohh, allt í lagi. Ég skal koma með ykkur, ég er hvort eð er pakksaddur.“ sagði Peningagámur. Þeir rétt náðu að gefa í nokkra skó áður en tók að birta, en það var nóg til að vekja áhuga Peningagáms. Ekki sáu þeir Skyrgám þá nóttina.

aðfararnótt 20. desember

Næstu nótt hófst leitin að Kortakræki.

„Hver kemur í nótt?“ spurði Stekkjastaur.

„Kortakrækir“ sagði Draslleikur.

„Hvar getum við fundið hann?“

spurði Stekkjastaur.

„Ég er ekki viss.“ sagði

Draslleikur.

„Ekki ég heldur.“ sagði

Pappaskefill.

„Þú hlýtur að vita hvar hann

heldur sig, Peningagámur.“

sagði Bílskellir.

„Hann fer víða. Ég ætlaði

reyndar að hitta hann í nótt.“ sagði

Peningagámur.

„Hvar?“ spurði Stekkjastaur.

„Í bankanum. Við vorum búnir að plana hlaðborð.“ sagði Peningagámur glottandi.

„Hlaðborð? Með flatkökum og harðfiski og hákarli og súkkulaðitertu og kræsingum?“ spurði



Hurðaskellir spenntur.

„Oj, nei. Með peningum og kreditkortum auðvitað.“ sagði Peningagámur hneykslaður.

„Ó.“ sagði Hurðaskellir, öllu minna spenntur.

„Jæja, áfram með smjörið, komum okkur þá af stað.“ sagði Stekkjastaur. Á leiðinni í bankann hittu þeir Auragaur.

„Auragaur! Blessaður!“ sagði Peningagámur.

„Ó nei, ekki þessi dóni.“ muldraði Stekkjastúfur við Pottaskefil og ranghvolfdi augunum.

„Vó, hvað eruð þið að gera með þessum jólalúðum?“ spurði Auragaur.

„Þeir eru að sýna okkur hvernig er hægt að gefa í skóinn.“ sagði Draslleikur.

„Iss, til hvers að gefa þessum krakkakjáním?“ sagði Auragaur fýldur.

„Æh, það er svo sem allt í lagi að gefa í skóinn, þú veist, ekki alslæmt. Það er bara svolítið gaman að sjá hvað krakkarnir verða glaðir.“ sagði Peningagámur.

„Nei, hva.. Ég ætla allavega ekki að gefa í skóinn, ég tek ekki þátt í þessari vitleysu!“ sagði Auragaur

æstur.

„Allt í lagi, tjillaðu maður. Komdu allavega með okkur að hitta Kortakræki.“ sagði Peningagámur.

„Já, ok.“ sagði Auragaur. Og saman fóru þeir. Kortakrækir tók vel á móti Peningagámi, en brá við að sjá alla fylkinguna.

„Hvaða skruðganga er þetta?“ spurði Kortakrækir.

„Æh, þetta eru bara gamlir jólasveinar sem ég hitti. Úr gamla daga. Þeir eru að kenna okkur að setja í skóna.“ sagði Peningagámur.

„Þarf að kenna ykkur það? Setur maður ekki bara fæturna í skóna?“ sagði Kortakrækir. Auragaur hló.

„Við höfum sett ýmislegt í skóinn í gegnum tíðina, en aldrei fætur!“ sagði Stekkjastaur sármóðgaður.

„Peningagámur, þú hefur átt að sjá liðið fyrr í kvöld! Ég rambaði inn á skemmtistað þar sem allir voru blindfullir, einhver hópur saman í jólaglöggi eða vinnusvalli og ekkert að passa upp á peningana sína og kortin sín. Það var æði. Þú

hefðir átt að vera þarna.“ sagði Kortakrækir.

Peningagámur rak upp öfundaraugu.

„Missti ég af því? Það er ekki sanngjarnt!“ sagði Peningagámur með fýlusvip.

„En sjáðu, hlaðborðið er tilbúið.“ sagði Kortakrækir og benti á skrifborð með snyrtilegum hrúgum af peningum og kreditkortum og debetkortum.

„Af hverju borðið þið peninga? Matur er miklu bragðbetri.“ sagði Stekkjastaur.

„Oj. Matur. Það besta við peningana er að sleikja alla sýklana og óhreinindin sem mannahendur skilja eftir sig.“ sagði Peningagámur og smjattaði á þúsundkalli.

„Þið skiljið það ekki. En þú skilur það, Auragaur, er það ekki? Og Kortakrækir?“ sagði Peningagámur.

„Jú, það er svo sem rétt hjá þér.“ sagði Kortakrækir.

„Ó, jú! Gamlir og skítugur aurar eru þeir bestu. Með mannasósu!“ sagði Auragaur.

„Það má setja hvað sem er í skóinn. Svo lengi sem

Það er fallett.“ sagði Hurðaskellir sem hafði ekkert verið að fylgjast með umræðunni.

„Ekki gleyma kartöflunni!“ sagði Draslleikur.

„Já, það fannst mér gaman. Sko, Kortakrækir, ef krakkinn er óþægur þá má setja kartöflu í skóinn. Komdu og prófaðu.“ sagði Peningagámur spenntur.

„Ok.“ sagði Kortakrækir. Og saman fóru þeir allir af stað. Þeir læddust inn í herbergi lítillar stúlku og voru örugglega skondnir á að líta, níu jólasveinar í kremju innan um dúkkur og bækur og perlur og kastala.

„Hérna, prófaðu að setja þessar hárteygjur, hún Emilía hefur svo gaman af því að skreyta hárið sitt.“ hvíslaði Hurðaskellir og rétti Kortakræki teygjur.

„Já, en, það er eitthvað í skónum.“ sagði Kortakrækir.

„Nú, hvað er í skónum?“ hvíslaði Stekkjastaur.

„Límmiðar.“ hvíslaði Kortakrækir.

„Það getur komið fyrir að við komum að fullum skónum.“ hvíslaði Pottaskefill.

„Mér finnst það koma mjög oft fyrir.“ fullyrta Pappaskefill.

„Já, hann Bjúgnakrækir er á ferðinni og eflaust búinn að setja í margan skóinn í nótt. Svo setja sumir foreldrar í skóinn sjálfir.“ hvíslaði Stekkjastaur.

„Komum bara á næsta heimili.“ hvíslaði Hurðaskellir. Og út læddust þeir allir. Nokkrum heimilum seinna komu þeir að skónum hennar Erlu.

„Ááá!“ sagði Peningagámur.

„Uss!“ hvíslaði Stekkjastaur.

„Ég meiddi mig! Ég steig ofan á eitthvað!“ sagði Peningagámur.

„Já, passiði ykkur, það er fullt af perlum á gólfinu.“ hvíslaði Draslleikur, sem var ætíð með augun á leikföngunum.

„Er þetta ekki herbergið hennar Erlu? Hún var aldeilis að hrekkja bróður sinn í dag. Svei mér þá, hér er þörf á kartöflu.“ hvíslaði Stekkjastaur og rétti Kortakræki kartöflu.

„Nei, leyfðu mér, gerðu það, má ég setja

kartöfluna?“ spurði Peningagámur. Kortakrækir flýtti sér að setja kartöfluna í skóinn.

„Nú er nóttin hans Kortakrækis. Þú færð að setja kartöflur seinna.“ sagði Stekkjastaur.

Peningagámur setti upp fýlusvip. Kortakrækir brosti. Nóttin leið.

„Hvernig vitið þið hvað á að gefa í skóinn?“ spurði Kortakrækir seinna.

„Það lærist.“ svaraði Pottaskefill.

„En, hvað ef ég næ ekki að læra það?“ spurði Kortakrækir.

„Þegar þau trúá á þig, þá finnurðu hvað það er sem þau vilja fá frá þér.“ sagði Hurðaskellir.

„En mig langar til að búa eitthvað til. Eins og Pappaskefill og Bílskellir og þið hinir. Get ég ekkert búið til?“ spurði Kortakrækir.

„Hvað kanntu?“ spurði Stekkjastaur.

„Ekkert. Bara að smjatta á kortum.“ sagði Kortakrækir.

„Kortum? En geturðu ekki bara sett kort í skóinn? Svona, jólakort?“ spurði Pappaskefill.

„Hmmm. Já. Kannski.“ sagði Kortakrækir hugsí.

aðfararnótt 21. desember

„Kortakrækir?“
hvíslaði Auragaur
næstu nótt.

„Kortakrækir?
Vaknaðu!“
hvíslaði
Peningagámur.

„Uhm, hvað?“
svaraði
Kortakrækir.

„Komdu. Komum
að fá okkur
eitthvað í

svanginn. Fljótur, áður en hinir vakna.“ hvíslaði
Auragaur.

„Já, en, mér fannst gaman að gefa í skóinn. Ég vil
fara aftur.“ svaraði Kortakrækir.

„En Kortakrækir. Núna er nóttin hans
Fésbúksgægis. Þá færð þú ekkert að gefa, þarft
bara að horfa á. Komdu, fljótur, áður en þeir



vakna.“ hvíslaði Peningagámur.

„Ok. Drífum okkur þá.“ svaraði Kortakrækir. Þeir voru horfnir sjónum áður en hinir jólasveinarnir rumskuðu. Stekkjastaur varð ansi grimmur á svip þegar hann uppgötvaði að þeir voru horfnir.

„Hvaða jólasveinn kemur næst?“ spurði Pottaskefill nokkru síðar.

„Þeir eru ekki jólasveinar.“ hélt Stekkjastaur fram.

„Hvað meinarðu?“ spurði Draslleikur.

„Það er að segja. Ekki alvöru jólasveinar. Alvöru jólasveinar færu aldrei að láta sig hverfa svona eins og Peningagámur og Kortakrækir og Auragaur og missa af því að gefa í skóinn.“ sagði Stekkjastaur

„Ertu nú alveg viss um?“ sagði Pottaskefill.

„Já, það er ég!“ fullyrti Stekkjastaur.

„Við erum bara víst alvöru jólasveinar.“ sagði Pappaskefill sár.

„Já, bara víst!“ sagði Draslleikur, jafn sár og Pappaskefill.

„Ég held að þú ættir að fara varlega í svona tal,

Stekkjastaur minn.“ skaut Hurðaskellir inn í.
„Fyrirgefið þið, ég ætlaði ekki að særa ykkur.“
sagði Stekkjastaur niðurlútur.

„Þetta er allt í lagi.“ sagði Draslleikur.
Pappaskefill sagði ekkert.

„Hvaða jólasveinn kemur næst?“ spurði
Pottaskefill aftur.

„Fésbúksgægir.“ svaraði Bílskellir.

„Fésbúksgægir? Hvað gerir hann?“ spurði
Stekkjastaur.

„Hann gægist á fólk í gegnum Feisbúk.“ svaraði
Bílskellir.

„Hvað er það?“ spurði Stekkjastaur.

„Það er svona eins og spegill vondu stjúpunnar í
Mallhvíti. Nema fyrir fullorðna.“ sagði
Pappaskefill, sem leiddist tölvur.

„Ekki vera svona leiðinlegur Pappaskefill. Feisbúk
er fínt. Þetta er bara svona heimasíða þar sem fólk
getur spjallað saman.“ sagði Draslleikur, því þótt
hann væri ekki mjög hrifinn af Feisbúk heldur, þá
fannst honum gaman að ýta á alla takkana á
tölvunni.

„Heima síða? Nei, ég botna ekkert í þessu. Þetta er allt svo framandi.“ sagði Stekkjastaur sem vissi ósköp lítið um tölvur. Rétt í þessu gengu þeir fram hjá Þvörusleiki.

„Stekkjastaur!“ sagði Þvörusleikir þegar hann heyrði röddina. „Þvörusleikir! Gaman að sjá þig. Hvernig gekk að setja í skóinn?“ sagði Stekkjastaur.

„Með ágætum. Ég kom að vísu oft að fullum skónum.“ svaraði Þvörusleikir.

„Sama hér.“ sagði Stekkjastaur.

„Þá er æ minna um æti. Þessi nýja þvottavélataækni er skelfileg, það er aldrei neitt að sleikja, þvörunar eru alltaf tandurhreinar.“ sagði Þvörusleikir.

„Ekki er það gott að heyra.“ sagði Stekkjastaur.

„Hverjir eru hér með þér, Stekkjastaur? Ekki þekki ég þá alla.“ sagði Þvörusleikir.

„Pottaskefil og Hurðaskelli þekkirðu nú. Þarna eru svo Pappaskefill og Draslleikur og Bílskellir. Þeir eru nýir jólasveinar.“ sagði Stekkjastaur.

„Ekki alvöru jólasveinar. Við erum

jólasveinarnir.“ sagði Þvörusleikir.

„Jahá, það var einmitt þetta sem ég var að reyna að segja þeim.“ sagði Stekkjastaur feginn.

„Við erum bara víst alvöru jólasveinar.“ sagði Pappaskefill sár.

„Hættið þessu fullorðinslátum. Þið þurfið ekkert að metast.“ sagði Hurðaskellir.

„Ahemm, já, Þvörusleikir, það er víst best að þú biðjist afsökunar á þessu.“ sagði Stekkjastaur.

„Jæja þá. Fyrirgefið.“ sagði Þvörusleikir.

„Komdu með okkur Þvörusleikir, við ætlum að leita að Fiskigægi. Hann er svona nýr sveinn. Við erum að kenna þeim að gefa í skóinn.“ sagði Stekkjastaur.

„Fésbúksgægi.“ leiðrétti Draslleikur.

„Já, eða það. Hvar finnum við hann annars?“ sagði Stekkjastaur ringlaður.

„Hann situr örugglega við einhverja tölvu að fletta Feisbók.“ sagði Bílskellir.

„Hefjum þá leitina.“ sagði Pottaskefill. Og áfram þrömmuðu þeir. Þeir fundu Fésbúksgægi heima hjá Ísabellu og Róberti. Þar sat hann í skímunni

frá tölvuskjánum og smellti með músinni sem óður væri.

„Þarna ertu Fésbúksægir. Við vorum að leita að þér.“ sagði Pappaskefill.

„Halló.“ sagði Fésbúksægir án þess svo mikið sem að kíkja upp frá tölvuskjánum.

„Við hittum gamla jólasveina sem eru að kenna okkur að gefa í skóinn. Viltu ekki koma með?“ spurði Pappaskefill.

„Nei.“ svaraði Fésbúksægir.

„Af hverju ekki?“ spurði Draslleikur.

„Ég er upptekinn.“ svaraði Fésbúksægir.

„Finnst þér gaman að fylgjast með mannfólkinu?“ spurði Pappaskefill.

„Já.“ svaraði Fésbúksægir.

„Væri þá ekki gaman að gefa þeim eitthvað fallett. Án þeirra hefðirðu ekkert til að fylgjast með. Án þeirra væri Feisbókin ekki einu sinni til.“ sagði Pappaskefill. Fésbúksægir svaraði ekki.

„Æ, komdu nú að gefa í skóinn, Fésbúksægir, gerðu það.“ bað Pappaskefill.

„Til hvers að fara? Ég get alveg gefið þeim í

skóinn hérna á Feisbók. Það hlýtur að vera til eitthvað skó app.“ sagði Fésbúksgægir.

„Nei, nú er mér öllum lokið! Gjöfin verður að vera alvöru! Ekki bara platgjöf í gegnum tölvu eða einhvern þykjustuheim!“ þusaði Stekkjastaur.

„Oh, þetta þýðir ekkert, sveinar. Hann myndi ekki skilja þetta. Hann veit örugglega ekki einu sinni hvað ætti að gefa þeim.“ sagði Þvörusleikir.

„Víst. Ég veit allt um skóinn. Sjáiði, mamma Róberts og Ísabellu setti jólasveinahúfur í skóna þeirra. Hún passar alltaf upp á að þau fái jafnt. Hún skrifaði það á Feisbókina.“ sagði Fésbúksgægir.

„Geturðu séð það þarna?“ spurði Stekkjastaur hissa.

„Já.“ svaraði Fésbúksgægir.

„Getur þú þá séð hvar foreldrar setja í skóinn og hvar ekki? Það myndi auðvelda málin töluvert.“ sagði Stekkjastaur.

„Auðvitað get ég það, ég held ég muni það meira að segja nokkurn veginn.“ svaraði Fésbúksgægir.

„Ertu þá ekki til í að koma með okkur og prófa að

setja í skóinn? Það er mjög gaman. Okkur vantar einmitt einhvern eins og þig, sem veist allt þetta.“ sagði Pappaskefill, spenntur yfir tilhugsuninni að þurfa ekki að treysta einungis á gömlu jólasveinana.

„Ok, ég get svo sem prófað.“ sagði Fésbúksægir. Þeir héldu af stað. Ekkert sást til Gluggagægis þá nóttina, en hann sá allt sem fram fór. Hann elti sveinana átta á milli húsa og fylgdist með þeim í gegnum gluggana.

aðfararnótt 22. desember



Gáttaþefur
gægðist inn um
dyragáttina, með
stóra nefið sitt.
Daufur ilmurinn
lá í loftinu. Hér
hafði verið bakað
fyrir um daginn.
Piparkökur og
laufabrauð.
Smákökur með
súkkulaðibitum.
Hann læddist um
og leitaði að
kökuboxunum.

Gáttaþefur fann það á lyktinni að hann var að
nalgast. Hann rétti höndina fram og greip í...
eitthvað mjúkt? Sem hreyfðist?

„Arrgh! Láttu mig vera!“ sagði rödd úr myrkrinu.

„Hver ert þú?“ spurði Gáttaþefur. Hann vissi að

allt heimilisfólkið var sofandi. Hann fann það á lyktinni.

„Ég er Símaþefur. Hver ert þú?“ sagði röddin.

„Ég er Gáttaþefur. Hvað ert þú að gera hér?“ sagði Gáttaþefur.

„Læðast í smákökur. Hvað ert þú að gera hér?“ sagði Símaþefur.

„Ég ætlaði líka að læðast í smákökur!“ sagði Gáttaþefur.

„Hvernig vissirðu að þær voru hér?“ sagði Símaþefur.

„Ég fann það á lyktinni. Hvernig vissir þú að þær voru hér?“ sagði Gáttaþefur.

„Ég þefaði það uppi í símanum. Ég hlustaði á mömmuna þegar hún hringdi í ömmuna til að fá uppskriftina af laufabrauðunum.“ sagði Símaþefur.

„Ahm, nammi namm. Ég vissi að þetta væri gamla uppskriftin hennar Siggu! Leyfðu mér að smakka.“ sagði Gáttaþefur.

„Ekki klára það allt saman!“ sagði Símaþefur. Og saman borðuðu þeir.

„Þetta var ljúffengt!“ sagði Gáttaþefur.

„Bíddu bara þangað til þú smakkar möffinsin hennar Helgu, hún var að baka fyrir barnaafmæli í dag og það er pottþétt afgangur.“ sagði Símaþefur.

„Hvar er það?“ spurði Gáttaþefur.

„Ég skal sýna þér.“ sagði Símaþefur.

„Takk! Bíddu augnablik, fyrst þarf ég að gefa krökkunum í skóinn“ sagði Gáttaþefur.

„Gefa í skóinn? Hvað er það?“ sagði Símaþefur.

„Ég skal sýna þér.“ sagði Gáttaþefur. Og þeir fóru á milli húsa, gáfu í skóinn og gæddu sér á góðgæti. Stekkjastaur, Pottaskefill, Pappaskefill, Draslleikur, Hurðaskellir, Bílskellir, Þvörusleikir og Fésbúkgægir leituðu en fundu þá ekki. Gluggagægir horfði á.

aðfararnótt 23. desember
nóttin fyrir Þorláksmessu

„Netkrókur?“ sagði Fésbúksgægir.

„Hvað?“ sagði Netkrókur.

„Ég vissi að þú myndir vera hér.“ sagði Fésbúksgægir.

„Já, og hvað?“ sagði Netkrókur.

„Þessir gömlu jólasveinar eru að kenna okkur að gefa í skóinn.“ sagði Fésbúksgægir. Netkrókur sagði ekkert.

„Komdu með.“ sagði Fésbúksgægir.

„Ég vil það ekki.“ sagði Netkrókur og hamaðist við að háma í sig internetið.



„Hvað ert þú eiginlega að gera, ef ég má spyrja?“
spurði Stekkjastaur.

„Ekkert.“ sagði Netkrókur og sleppti
netsnúrunni.

„Hann er að nota niðurhalið.“ sagði
Fésbúksgægir.

„Er það eitthvað svona tölvumál?“ spurði
Stekkjastaur.

„Já, fólk á bara ákveðið mikið niðurhal og ef það
klárast þarf að borga meira. Netið verður líka
svolítið hægt á eftir.“ sagði Fésbúksgægir.

„Nei, þarna fórstu alveg með það. Þetta má
ekkert, Netkrókur! Þú gætir í það minnsta gefið í
skóinn á móti! Ég skil heldur ekki hvað ykkur
nýju sveinunum finnst svona merkilegt við þessa
tölvutækni.“ sagði Stekkjastaur.

„Hvað meinarðu? Lífið væri ömurlegt án tækni.“
sagði Fésbúksgægir.

„Já, en þetta er ekki ekta. Allt tilheyrir þetta
gerviveröld. Galdratól í gerviheimi.“ sagði
Stekkjastaur.

„Horfðu bara á mannfólkið. Þeim finnst þetta sko

ekkert vera neitt gervi. Tölvudót er miklu verðmætara en stekkir eða staurar eða hvað það nú er sem þú gerir.“ sagði Fésbúksægir.

„Stekkur var sérstök gerð fjárréttar. Mér finnst gott að drekka mjólk af ánum. Og það er ekkert verðmætara en kindurnar og maturinn. Án þeirra hefði mannfólkið engan mat og myndi deyja.“ sagði Stekkjastaur.

„Vitleysan í þér, auðvitað er tölva verðmætari en... en.. mjólkurpottur!“ sagði Fésbúksægir.

„Nú er nóg komið af þessari vitleysu. Hættið þessu, báðir tveir. Netkrókur, þú kemur með okkur.“ sagði Hurðaskellir. Netkrókur stóð upp og elti sveinana. Til að byrja með þagði hann og tók lítinn þátt, en um leið og kom að því að setja í skóna hafði hann miklar skoðanir á því hvað ætti að fara í hvern skó og naut þess að láta í sér heyra. Þannig leið nóttin. Gluggagægir fylgdist gaumgæfilega með þeim í gegnum gluggana hvert sem þeir fóru.

aðfararnótt 24. desember
nóttin fyrir Aðfangadag



„Drífum okkur, því fyrr
sem við leggjum af stað,
því fleiri skó náum við að
fylla, þetta er síðasta
nóttin fyrir jól.“ sagði
Netkrækir spenntur

næstu nótt.

„Við þurfum líka að reyna að finna Snjallsníki.“
sagði Pappaskefill.

„Hvar er líklegast að finna hann?“ spurði
Stekkjastaur.

„Bara, á heimilum, býst ég við. Hann sækist í
snjallsíma og spjaldtölvur.“ sagði Pappaskefill.

„Sýgur hann orkuna úr þeim eins og Netkrækir
og Tölvustaur?“ spurði Stekkjastaur.

„Nei, hann eiginlega bara stelur tækjunum
sjálfum, þegar hann getur. Hann er alveg æstur í
þau.“ sagði Pappaskefill.

„Nú er mér öllum lokið. Vonandi finnum við

hann sem fyrst.“ sagði Stekkjastaur og arkaði af stað. Snjallsníkir var með fleiri síma og spjaldtölvur á sér en skynsamlegt getur talist að halda á þegar jólasveinahersingin fann hann.

„Láttu tryllitækin frá þér.“ skipaði Stekkjastaur, eins og vopnuð hetja.

„Ha? Nei. Hvaða tryllitæki?“ sagði Snjallsníkir og faðmaði tækin að sér.

„Láttu tryllitækin frá þér.“ sagði trylltur Stekkjastaur.

„Hvað ertu að tala um?“ spurði Snjallsníkir.

„Snjallsníkir, hæ, þetta er bara Stekkjastaur, hann er að kenna okkur að setja í skóinn.“ sagði Pappaskefill.

„Ó. Ok.“ sagði Snjallsníkir og fór aftur að horfa dáleiddur á glampanði snjallsímaskjá.

„Komdu með okkur, þá getur þú sett í skóinn.“ sagði Draslleikur.

„Hmm, ok.“ sagði Snjallsníkir viðutan og hélt áfram að horfa í birtuna af símaskjánum.

Stekkjastaur hrifsaði símann af honum.

„Hei, láttu símann minn í friði.“ sagði

Snjallsníkir.

„Þinn? Ertu viss um að þú eigir þennan síma?“
spurði Stekkjastaur.

„Já. Núna. Ég á hann núna.“ sagði Snjallsníkir.

„Við erum að sóa tímanum. Komdu Snjallsníkir,
fljótur, annars náum við að ekki að setja í alla
skóna.“ sagði Netkrókur óþreyjufullur og dró
Snjallsníki inn í herbergi Magnúsar.

„Hérna, settu tyggjóid í skóinn þarna, þennan
sem er úti í glugga.“ hvíslaði Netkrókur.

Snjallsníkir hlýddi og horfði svo ringlaður á
Netkrók.

„Flott, komum aftur út og í næsta hús.“ hvíslaði
Netkrókur.

„Til hvers erum við að gera þetta.“ spurði
Snjallsníkir.

„Þetta er gaman. Sko. Það eru alls konar reglur,
eins og í tölvuleik, þú veist, Sims eða eitthvað. Ef
krakkarnir eru óþekkir, þá fá þeir kartöflu, ef þeir
eru þægir þá fá þeir eitthvað lítilræði, eitthvað
fallegt eða bragðgott eða sniðugt. Og það þarf að
passa upp á að það henti þeim, til dæmis ekki

nammi ef þeir borða bara nammi á laugardögum eða ekki teygjur ef þeir eru með stutt hár og allt svoleiðis. Og svo þarf að reyna að klára að setja í eins marga skó og hægt er áður en nóttin klárast. Game Over. Og það er kreisí erfitt, skal ég segja þér.“ Þuldi Netkrókur upp á meðan þeir fóru að næsta húsi.

„Já, ok.“ sagði Snjallsníkir. Líkt og Netkróki fannst honum þetta ekkert rosalega merkilegt til að byrja með, en eftir nokkur skipti var honum farið að finnast þetta svolítið skemmtilegt. Þegar leið á nóttina hittu þeir Grýlu.

„Mamma!“ sagði Draslleikur og hljóp til Grýlu. Gömlu jólasveinarnir horfðu hissa á.

„Mamma, þekkir þú Draslleik?“ spurði Stekkjastaur.

„Þekki ég hann? Það held ég nú. Ég ól hann.“ sagði Grýla.

„En hann kom hingað með flugvél. Frá framandi stöðum.“ sagði Stekkjastaur.

„Já. Má ég ekki ferðast til útlanda eins og allir aðrir?“ sagði Grýla.

„En aldrei höfum við farið til útlanda!“ sagði Stekkjastaur, sem hafði nú enga afsökun til að finnast nýju jólasveinarnir vera aðskotahlutir. Þeir voru bræður hans.

„Þú um það. Jæja, ég má ekkert vera að því að stoppa, ég finn þef af óþekktum börnum.“ sagði Grýla og arkaði af stað.

„Bless, mamma!“ sagði Draslleikur. Stekkjastaur var svolítið þögull eftir þennan fund, en áfram leið nóttin.

„Jess, síðasti skórinn! Okkur tókst það!“ sagði Netkrókur hróðugur.

Brátt færi mannfólkið á stjá. Þeir höfðu þó enn dágóða stund þar til sólin kæmi upp. Þeir gengu saman.

„Mig langar til að segja svolítið.“ sagði Stekkjastaur.

„Hvað er það?“ spurði Bílskellir.

„Mér... ehh... þykir fyrir því að hafa sagt að þið væruð ekki alvöru jólasveinar. Það var rangt hjá mér. Ég trúði því varla enn að Grýla er mamma ykkar líka, ég vissi ekki einu sinni að þið væruð til.

Og það var svo sannarlega gaman að setja í skóinn með ykkur.“ sagði Stekkjastaur.

„Takk Stekkjastaur. Og takk fyrir að kenna okkur að setja í skóinn, það var gaman.“ sagði Pappaskefill.

„Næstu nótt fer ég aftur til fjalla. Fer Tölvustaur líka næstu nótt?“ sagði Stekkjastaur.

„Já.“ svaraði Bílskellir.

„Og farið þið koll af kolli, eins og við?“ spurði Pottaskefill.

„Já.“ svaraði Draslleikur.

„Hvert farið þið?“ spurði Stekkjastaur.

„Við náum flugvél heim.“ svaraði Bílskellir.

„Komið þið aftur?“ spurði Pottaskefill.

„Já. Við komum aftur á næsta ári.“ sagði Draslleikur.

„Eigum við að hittast aftur þá? Bílskellir, eigum við að gefa saman í skóinn?“ spurði Hurðaskellir.

„Já, ég er til í það!“ sagði Bílskellir.

„Þá hittumst við aftur að ári.“ sagði Stekkjastaur.

„Aftur að ári.“ sagði Pottaskefill.